

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar

Þórður Már Sigfússon

Miðbraut 11,

370 Búðardal

Dags. 27. október 2020

Efni: Útgáfa á framkvæmdaleyfum vegna skógræktar

Undirritaðir landeigendur sóttu á sínum tíma um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á jörðum okkar, Hóli í Hvammssveit og Stóra-Langadal á Skógarströnd. Umsóknirnar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar 5. Mars 2020, en með tveimur eftirfarandi skilyrðum, „Einnig þarf að liggja fyrir samþykki eigenda aðliggjandi jarða og umsögn Minjastofnunar“.

Við kærðum þá ákvörðun sveitarstjórnar að binda samþykkt umsóknanna þessum tilteknu skilyrðum til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem nú hefur felld úrskurð sinn í málinu. Landeigandi Óss í Saurbæ var upphaflega einnig með í kærunni en þar sem hann hefur nú fengið sitt framkvæmdaleyfi útgefið af sveitarstjórn, og án greiðslu fyrir fornminjaskráningu, þá er hann ekki lengur aðili málsins.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er sú að fyrra skilyrðið sé ólöglegt og það er því felld úr gildi en að seinna skilyrðið standi en jafnframt að það hafi nú þegar verið uppfyllt, enda segir í niðurstöðu nefndarinnar „Hefur slíkra umsagna þegar verið aflað að tilstuðlan sveitarfélagsins“, og er vísað þar til bréfa Minjastofnunar frá 6. apríl vegna Hóls og 17. apríl vegna Stóra-Langadals. Úrskurðarnefndin tekur sérstaklega fram að af hálfu Dalabyggðar þá „var samþykkt framkvæmdaleyfanna ekki bundin skilyrði um efni umsagnanna heldur einungis að þeirra yrði aflað“.

Úrskurðurinn er því skýr um að fyrirvarar Dalabyggðar eru nú ekki lengur til staðar, þar sem annar er felldur úr gildi en hinn telst vera uppfylltur. Í ljósi þessarar niðurstöðu förum við því fram á að Dalabyggð gefi nú út umrædd framkvæmdaleyfi svo fljótt sem verða má.

Virðingarfyllst,



Jakob K. Kristjánsson, Hóli, Hvammssveit

Benedikt Rúnar Steingrímsson, Stóra-Langadal, Skógarströnd

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar
Þórður Már Sigfússon
Miðbraut 11,
370 Búðardal

Dags. 27. október 2020

Efni: Útgáfa á framkvæmdaleyfum vegna skógræktar

Undirritaðir landeigendur sóttu á sínum tíma um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á jörðum okkar, Hóli í Hvammssveit og Stóra-Langadal á Skógarströnd. Umsóknirnar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar 5. Mars 2020, en með tveimur eftirfarandi skilyrðum, „Einnig þarf að liggja fyrir samþykki eigenda aðliggjandi jarða og umsögn Minjastofnunar“.


Við kærðum þá ákvörðun sveitarstjórnar að binda samþykkt umsóknanna þessum tilteknu skilyrðum til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem nú hefur fellt úrskurð sinn í málinu. Landeigandi Óss í Saurbæ var upphaflega einnig með í kærinni en þar sem hann hefur nú fengið sitt framkvæmdaleyfi útgefið af sveitarstjórn, og án greiðslu fyrir fornminjaskráningu, þá er hann ekki lengur aðili málsins.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er sú að fyrri skilyrðið sé ólöglegt og það er því fellt úr gildi en að seinna skilyrðið standi en jafnframt að það hafi nú þegar verið uppfyllt, enda segir í niðurstöðu nefndarinnar „Hefur slíkra umsagna þegar verið aflað að tilstuðlan sveitarfélagsins“, og er vísað þar til bréfa Minjastofnunar frá 6. apríl vegna Hóls og 17. apríl vegna Stóra-Langadals. Úrskurðarnefndin tekur sérstaklega fram að af hálfu Dalabyggðar þá „var samþykkt framkvæmdaleyfanna ekki bundin skilyrði um efni umsagnanna heldur einungis að þeirra yrði aflað“.

Úrskurðurinn er því skýr um að fyrirvarar Dalabyggðar eru nú ekki lengur til staðar, þar sem annar er felldur úr gildi en hinn telst vera uppfylltur. Í ljósi þessarar niðurstöðu förum við því fram á að Dalabyggð gefi nú út umrædd framkvæmdaleyfi svo fljótt sem verða má.

Virðingarfyllt,

Jakob K. Kristjánsson, Hóli, Hvammssveit



Benedikt Rúnar Steingrímsson, Stóra-Langadal, Skógarströnd